

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 25. nóvember 2009 í máli nr.

S-677/2009:

Ákærvaldið

(Hulda María Stefánsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Gunnari Viðari Árnasyni

(Jón Egilsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. október sl., er höfðað með ákæru útgefni af ríkissaksóknara 13. ágúst 2009 á hendur Gunnari Viðari Árnasyni, kennitala 290682-5769, Klukkuholti 15, Álftanesi, fyrir eftirfarandi fíkniefnabrot „framin á árinu 2009:

Í fyrsta lagi stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa staðið að innflutningi á samtals 6.149,58 g af amfetamíni frá Hollandi til Íslands, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, en fíkniefnin sem voru flutt til landsins með hraðsendingarfyrirtækinu UPS þann 21. apríl, fundust við leit tollgæslu og lögreglu þann sama dag í húsnæði UPS á Keflavíkurlugvelli og lagði lögregla hald á efnin. Ákærði lagði á ráðin um innflutninginn og var í samráði við aðila í Hollandi varðandi tilhögun sendingar fíkniefnanna til Íslands.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1.gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2001.

Í öðru lagi, að hafa föstudaginn 22. maí, á heimili sínu að Klukkuholti 15, Álftanesi, haft í vörslum sínum 5,55 g af kannabisefnum.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist að 6.149,58 g af amfetamíni og 5,55 g af maríhúana verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana og fíkniefni nr. 65/1974, 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.“

Ákærði hefur jatað fyrir dómnum að vera sekur um þá háttsemi sem hann er sakaður um í seinni lið ákæru en neitað að vera sekur um þá háttsemi sem hann er sakaður um í fyrri lið ákæru.

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvalds í fyrri lið ákæru í málinu en til vara vægustu refsingar sem lög frekast leyfa og refsingin verði skilorðsbundin að öllu leyti eða að stærstum hluta og að gæsluvarhaldsvist ákærða verði dregin frá refsivist og að ákærði verði sýknaður af kröfu um greiðslu sakarkostnaðar. Hvað varðar seinni lið í ákæru þá gerir verjandi kröfu um að fyrir þær sakir verði ákærða dæmd lág sektargreiðsla. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna fyrir flutning málsins og vinnu sína á rannsóknarstigi.

Málsatvik.

Þann 20. apríl 2009 bárust upplýsingar til íslenskra lögreglufirvalda þess efnis að von væri á sendingu til Íslands sem innihéldi fíkniefni. Um væri að ræða pakka sem yrði sendur með hraðflutningafyrirtækinu UPS og barst pakkinn til landsins þann 21. apríl sl. og reyndist við rannsókn innihalda 6.149,58 g af amfetamíni. Efnin voru í áldósum sem ætlaðar voru undir viðarolíu.

Lögreglu bárust einnig upplýsingar frá hollenskum lögreglufirvöldum um að hollenskur karlmaður hafi verið í sambandi við símanúmerið 661-3138 sem er óskráð. Þar hafi verið rætt um skipulag á sendingu á ólöglegum fíkniefnum, líklega falin í málningar- eða viðarolíufötum. Samtölin sem voru hleruð áttu sér stað 16. og 19. apríl sl. Var talið að notandi símanúmersins 661-3138 hafi verið ákærði Gunnar Viðar Árnason. Var þetta símanúmer tekið í notkun þann 15. apríl 2009 og þann dag er einu sinni hringt og þrívægis send SMS skilaboð í símanúmerið 31-650747135 sem er sími hjá John Dielissen. Þann 16. s.m. er hringt einu sinni úr 661-3138 í sama símanúmer og einu sinni hringt í 661-3138 úr númerinu 31-650449055 sem er einnig sími sem John Dielissen hefur. Þann 19. s.m. er síðan hringt tvívegis úr 661-3138 í 31-650449055. Nefndur John Dielissen heitir samkvæmt upplýsingum lögreglu í Hollandi réttu nafni Johannes Hubertus Wilhelmus Maria Dielissen en notar að því er virðist að jafnaði nafnið John Dielissen. Hefur sönnunarfærsla sækjanda beinst mjög að því að sanna að enginn annar en ákærði hafi getað haft afnot af símanum 661-3138 þessa daga sem um ræðir í málinu. Hefur í þessum tilgangi verið aflað raddgreiningar hjá bandarísku alríkislögreglunni FBI sem beindist að því hversu sterkar líkur væru fyrir því að ákærði væri annar þeirra sem töluðu saman í símann þann 16. og 19. apríl 2009. Þá var unnin staðsetningagreining hjá Upplýsinga- og áætlanadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þess að staðreyna líkur á því að einhver einstaklingur ótengdur símanum 661-3138 hafi getað verið jafnlangt frá eða nær símanum 821-9812 í þau þrjú skipti sem talað er úr 661-3138 en síminn 821-9812 er sími sem ákærði kannast við að nota. Höfðu hollensk lögreglufirvöld heimild til þess að hlera síma John Dielissen á þessum tíma. Þann 16. apríl hringir John í Gunnar Inga Gunnarsson og segir að konan sín hafi sagt honum þegar hann kom heim að „Gunnar from Iceland“ hafi hringt. Við rannsókn málsins kemur fram í hleruðu samtali milli ákærða Gunnars og Ársæls Snorrasonar þann 26. apríl 2009 að ákærði segir „Kerlingin hans, ég hringdi í hana ég hringdi úr þessu sama númeri í símann

hennar, spáðu í því. Konan hans er skráð fyrir símanum þá hugsa ég hvernig er hægt að vera svona heimskur. Hann vissi það hringdi í mig til baka úr þessu númeri“. Því hefur verið haldið á lofti að símasamskipti þessi hafi snúist um að útvega til Hollands bíla á góðu verði til þess að selja með ágóða ytra. Hefur Gunnar Ingi Gunnarsson, sem áður er nefndur, lýst samskiptum sínum við John Dielissen með þeim hætti. Þann 16. apríl 2009 eru símasamskipti milli 661-3138 og síma hjá John Dielissen. Í þessu samtali spyr karlmaður hvað hefði farið úrskeiðis og segir að hann muni tala við Ron (Ronny Verwoerd) í næstu viku. Karlmaðurinn spyr John hvort hann hafi nokkuð sent þetta. John neitar því og segist ekki vera búinn að senda þetta. Þann 19. s.m. eru aftur samskipti milli 661-3138 og John Dielissen. Í fyrra samtalinu segir John „Tomorrow is gone“. Karlmaður sem talar við John segir það vera „OK“. Í seinna samtalinu þennan dag kemur m.a fram að John eigi að senda í tölvupósti lýsingu á pakknum og að John gat ekki sent mynd þar sem það var ekki í lagi. Þann 20. s.m. hringir Roelof Knoppers í UPS hraðsendingarþjónustu í Hollandi og spyr hvað það kosti að senda pakka með 8 kg af harðviðarolíu til Íslands. Aðspurður gat hann ekki sagt til um stærð pakkans. Roelof Knoppers hringir þá í John Dielissen og fær uppgefna stærð pakkans. Knoppers hefur þá aftur samband við UPS og gefur þeim málin á pakknum og segir að pakkinn eigi að fara til Íslands. Þennan sama dag fer Roelof Knopper með pakkann og afhendir starfsmönnum UPS hann. Roelof Knopper var á Audi bifreið sem skráð var á John Dielissen. Erlend lögregluþjófur fylgdust með atburðarásinni og tóku ljósmyndir af Roelof Knopper þegar hann afhenti starfsmönnum UPS pakkann. Þann 21. s.m. kemur þessi pakki til landsins og var haldlagður í tollafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli og reyndist hann við rannsókn innihalda um 6,1 kg af amfetamíni. Lögreglan á Suðurnesjum aðstoðaði við rannsóknina og fékk heimild til þess að áframsenda pakkann með gerviefnum á áfangastað í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort einhver kæmi til þess að sækja hann sem ekki reyndist raunin en pakkinn var stílaður á Flugger ehf. á Stórhöfða í Reykjavík.

Þann 18. maí sl. sáu lögreglumenn sem fylgdust með ferðum ákærða hann hitta þrjá menn í Smáralind. Hafi hann gengið með þeim að bifreið sinni við verslunarmiðstöðina og afhent þeim þykkt umslag, sem lögreglumenn töldu að innihéldi peninga. Þremmingarnir voru þeir Erez Zizof sem ákærði afhenti umslagið, Ronny Verwoerd og Esra Abadi og koma þeir allir við sögu í máli þessu. Mennirnir sem Gunnar Viðar hitti við Smáralind eru allir útlendingar, en þeir voru handteknir við komu til Hollands frá Íslandi, þar sem þeir eru grunaðir um þátt í stórfelldum fíkniefnabrotum.

Í skýrslutöku hjá lögreglu hefur ákærði borið að hann hafi sótt þrjá menn, alla útlendinga, út á Keflavíkurflugvöll þann 15. maí sl., og að þessir menn séu kunningjar hans. Kvaðst hann hafa lánað þeim bifreið sína er þeir dvöldu hér á landi og tekið að sér að skipta 1.700.000 íslenskum krónum fyrir þá í evrur. Sagðist ákærði hafa hitt þá við Smáralind vegna þessara peningaviðskipta.

Þann 22. maí sl. var ákærði handtekinn á heimili sínu að Klukkuholti 15 á Álftanesi. Við leit á heimilinu fannst lítilræði af ætluðu marihuana og 1.200.000 krónur í peningum. Á vinnustað ákærða, Litlu Hokkýbúðinni við Suðurlandsbraut voru haldlagðar 695.000 krónur í peningum, sem fundust í íláti uppi á hillu baka til í versluninni. Þennan sama dag var ákærði hnepptur í gæsluvarðhald sem hann hefur setið í síðan.

Við rannsókn málsins kom í ljós að símanúmerið 661-3831 hefur ekki verið notað síðan 1. maí 2009. Rannsóknarlögreglumenn í ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar hafa margsinnis hlustað á þau samtöl úr og í símanúmerið 661-3138 og gert um það skýrslur þar sem þeir staðfesta að ákærði Gunnar sé viðmælandi í þessum samtölum og nánar verður vikið að síðar.

Þegar ákærði Gunnar var að því spurður í yfirheyrslu þann 26. maí 2009 hvort hann væri notandi símans 661-3138 sagðist hann ekki vilja fullyrða það en ef svo væri þá væri hann að nota það númer til þess að bulla í kerlingum. Athyglisvert er í þessu sambandi að hafa í huga það að fram kemur í herbergjahlustun þann 26. júní á Litla Hrauni í samtali ákærða við Ársæl Snorrason. Þegar ákærði hafði sagt „Kerlingin hans, ég hringdi í hana ég hringdi úr þessu sama númeri í símann hennar, spáðu í því. Konan hans er skráð fyrir símanum þá hugsa ég hvernig er hægt að vera svona heimskur. Hann vissi það hringdi í mig til baka úr þessu númeri.“

Þá segir Ársæll „þú segir bara að einhver útlendingur hefði verið að biðja þig að kaupa þennan síma.“ Ákærði svarar því þá til að hann segi bara að hann hafi keypt símann, farið á fyllerí og verið að bulla í einhverjum kerlingum, og svo hafi hann bara týnt símanum og ekkert sé hægt að sanna.

Ákærði hefur sagt við yfirheyrslur að hann kannist ekki John eða Johannes Dielissen og hafi aldrei verið í samskiptum við mann með þessu nafni og að sömu sögu sé að segja um kynni hans af Roelof Knopper.

II.

Í skýrslu ákærða fyrir dómnum kvaðst hann ekki hafa lagt á ráðin um neina fíkniefnasendingu til landsins. Við sönnunarfarflu í málinu hefur sækjandi stuðst mjög mikið við það sem fram kom við hlerun á sínum og hlerun samtala á Litla Hrauni. Sú hlerun sem nú verður rakin snýst um samtal milli ákærða og vitnisins Ársæls Snorrasonar á Litla Hrauni 26. apríl 2009 og getur að líta á málsskjölum 1.5 bls. 133 og 134. Aðspurður kvaðst ákærði kannast við þetta samtal og er hann í framhaldi af því spurður um hvað þeir félagarnir hafi verið að tala. Svarar hann því til að þeir hafi verið að tala um tvo hluti. Í fyrsta lagi tengist samtalið fasteignaviðskiptum nánar tileikið eign sem hann ætlaði að kaupa við Depluhóla en þegar hann svo hætti við kaupin þá hafi það leitt til mikilla illdeilna og honum verið hótad með Munda morðingja út af þessu. Segir ákærði þetta skýra hvers vegna sé talað um „6.4 milljónir en ekki 4 milljónir“. Í öðru lagi voru þeir að ræða um síma sem Ársæll bað hann um að kaupa fyrir sig og lyf sem Ársæll bað hann um að útvega sér vegna þess að hann fékk ekki réttu lyfin á Litla Hrauni. Kvaðst ákærði í fyrstu hafa útvegað símann og lyfin og komið þeim til Ársæls inn á Litla Hraun en sagði síðar að hann hefði fengið kunningja sinn til þess að sjá um þennan innflutning eins og hann orðaði það. Sagði ákærði að John, sem nefndur er á málsskjali 1.5 bls. 134, sé John Engelsman, æskuvinur Ársæls, sem hann hafi ætlað að hringja í vegna Depluhólanna en tengist ekki fíkniefnum eða viðskiptum með þau á nokkurn hátt. Þá sagði ákærði að í þessu samtali hafi aldrei verið talað um kíló, Sigga eða Trausta. Hann hafi sjálfur marghlustað á samtalið og segir að

Það hafi ekki tengst fíkniefnum á neinn hátt. Aðspurður um hvað hann eigi við þegar hann talar um sönnunargögn sagðist ákærði hafa verið að tala um símann sem hann keypti fyrir Ársæl vegna þess að hann hafi tekið þátt í að smygla síma og lyfjum inn á Litla Hraun. Þegar borið var undir ákærða hvað hann væri að tala um þegar hann segir „þið getið skoðað allt sem ég gerði það var allt fullkomið ég var með slökkt á þangað til ég ætlaði að hringja í“ sagði hann að hann hafi verið að tala um símann hans Ársæls og þetta hafi allt snúist um pakkann sem var settur inn á Litla Hraun en hann viti ekki hvaða símanúmer síminn hafði. Sagði ákærði að hann hafi átt í samskiptum við Ársæl á veraldarvefnum en hann hafi hent kortinu sem var utan um símanúmerið og þegar hann segir „eins og Halli sagði ef þeir kæra þig þá er ég focked ef þeir sjá myndina og þetta númer þá hefði ég alveg eins bara sett þetta inn í herbergi“ kveðst ákærði hafa verið að tala um símann og pakkann sem hann var í og tók fram að hann hafi verið mjög hræddur út af þessu máli. Ákærði kannast ekki við að hafa sagt „engin tenging við mig skilurðu svo 6.4 kíló og ég Siggi sagði hámark 4 kíló“ og þegar hann segir ég vil ekki sjá þessa menn og ég vil ekki tala við þá einu sinni kvaðst ákærði hafa átt við menn sem tengdust Depluhólunum. Sagðist ákærði hafa haft miklar áhyggjur af því að kæmi til þess að síminn yrði haldlagður á Litla Hrauni þá væri hægt að sjá á mynd þegar hann keypti hann. Borið var undir ákærða hvað hann sé að tala um þegar hann segir „Lofar að svara mér á mánudaginn og sendir á þriðjudag. Þetta er svo ömurleg framkoma svo þetta fréttin daginn áður pakka upp á sex sex rúmlega 6 ha og þeir ætluðu núna, það er allavega eitt jákvætt við það gaurinn sem sendi þetta lét ekki sjá sig hjá fyrirtækinu sem þeir redduðu“ kveðst ákærði hafa verið að tala um það að hann hafi frétt daginn áður að hann ætti að borga pakka upp á sex milljónir og þetta hafi gerst á svipuðum tíma og við sendum pakkann á Litla Hraun og fyrirtækið sé fyrirtæki sem Pétur Axel, sem ákærði hafði beðið um að sjá um fyrir sig að koma símanum og lyfjunum til Ársæls, hefði farið í. Ákærði er nú inntur eftir því um hvað hann sé að tala þegar hann segir „Kerlingin hans ég hringdi í hana úr þessu sama númeri í símann hennar spáðu í því. Konan hans er skráð fyrir símanum þá hugsa ég hvernig er hægt að vera svona heimskur. Hann vissi það hringdi í mig til baka úr þessu númeri“ sagði ákærði að hann sé að tala um kærustuna hans Péturs Axels sem hann hafi hringt í úr sínum eigin síma. Telur dómurinn ekki ástæðu til þess að rekja lengur spurningar og svör varðandi þetta samtal en af því sem nú hefur verið rakið má ljóst vera að skýringar ákærða á ummælum sínum í samtalinu eru með þeim hætti að á þau verður ekki lagður trúnaður. Ýmist víkur ákærði sér undan að svara nema að hluta til því sem undir hann er borið og þau svör sem fást eru með miklum ólíkindablæ.

Vitnið Ársæll Snorrason sagði að ekkert væri rétt í uppritun lögreglunnar af samtali sem fór fram milli hans og ákærða þann 26. apríl 2009, hann þekki þessa uppritun og þar sé nánast allt tóm lygi og orðin slitin úr samhengi. Vitnið kvaðst ekki muna hvað þeir voru að tala um þennan dag. Segir vitnið að í samtali hans og ákærða þann 5. mars sl. séu þeir m.a. að tala um John Engelsman enda þekki hann engan annan John í Hollandi. Kveðst vitnið ekki kannast við John Dielissen þegar honum er sýnd mynd af honum. Var vitnið nú spurt af verjanda ákærða um efni áðurgreinds samtals og svaraði hann nú á þá leið að hann hafi verið að biðja Gunnar um að aðstoða sig m.a. vegna veikinda sinna vegna þess að hann hafi ekki fengið viðeigandi lækniþjónustu á Litla Hrauni. Sagði vitnið að í samtali þeirra á milli hafi Gunnar sagt að hann langaði að fara í glæpastarfsemi en þyrði það ekki af því að hann langaði ekki að fara í fangelsi. Spurningu verjandans um það hvort Gunnar hafi sagt honum sérstaklega að hann væri ekki í neinum brotum svaraði

vitnið játandi. Aðspurt sagði vitnið að ákærði hafi reynt að kaupa fyrir sig síma sem ekki komst í hendur hans og skildist honum að hann hefði verið haldlagður. Þá sagði vitnið að í samtalinu frá 26. apríl hafi hann beðið ákærða að koma til sín fíkniefnum þó að hann sé ekki alveg viss um að það hafi verið einmitt þá.

III.

Fyrir dóminn var lögð greinargerð um líkurnar fyrir því að annar en sá sem tengdur er númerinu 661-3138 sé jafn langt frá eða nær þeim síma en 821-9812 í þau þrjú skipti sem 661-3138 er notaður. Undir rannsókn málsins var talið að ákærði Gunnar Viðar Árnason, sem var eigandi símanúmersins 821-9812, væri einnig eigandi og/eða notandi símanúmersins 661-3138. Ítarleg rannsókn fór fram á notkunarmynstri símanúmeranna á tímabilinu 15. til 19. apríl 2009. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þessar: Símanir eru á þessu tímabilinu alltaf í notkun á svipuðum stöðum. Við greiningu á staðsetningu símanna kom í ljós að þeir voru aldrei í notkun það langt hvor frá öðrum á sama tíma að ekki geti verið að um einn og sama notanda væri að ræða. Vitnið Jón Óttar Ólason, sérfræðingur í upplýsinga- og áætlanadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vann ofangreinda rannsókn ásamt fleirum. Fyrir liggur ítarleg skýrsla og greinargerð um þetta. Jón Óttar kom fyrir dóm sem vitni og skýrði og staðfesti skýrslu sína og rannsóknarvinnu.

Fram kemur í greinargerðinni lýsing á markmiðum greiningarinnar og þeirri aðferðarfræði og gögnum sem hún er byggð á. Í greinargerðinni er þetta orðað svo;

„Markmið greiningar:

Gunnar Viðar Árnason er eigandi símanúmersins 821-9812 og hefur verið að nota það. Símanúmerið 661-3138 er óskráð og er það tilgáta lögreglu að það númer sé einnig í notkun Gunnars Viðars. Í greinargerð dagsetri 12. ágúst 2009 komst upplýsinga- og áætlanadeild LRH að þeirri niðurstöðu að Gunnar Viðar var alltaf staðsettur mjög nálægt þeim stað sem 661-3138 var notað og því ályktað að ólíklegt væri að einhver annar en hann væri að nota 661-3138. Ekki reyndist mögulegt út frá þeim gögnum sem þá voru fyrirleggjandi að leggja neitt mat á hversu ólíklegt það væri.

Markmið þessarar greiningar upplýsinga- og áætlanadeildar LRH er að leggja mat á hversu líklegt það er að sami maðurinn (Gunnar Viðar) sé alltaf í nágrenni við 661-3138 þegar hann er notaður ef hann tengist því númeri ekki neitt.

Aðferðafræði og gögn:

Notaðar voru niðurstöður fyrri greiningar upplýsinga- og áætlanadeildar LRH dagsettri 12. ágúst þar sem búið var að setja á kort staðsetningu 661-3138 í öll þau skipti sem sá sími er notaður og einnig staðsetningu á því símtali 821-9812 sem næst er 661-3138 í tíma og rúmi.

Ákveðið var að reikna út hverjar væru líkurnar á því að einstaklingur sem væri ótengdur 661-3138 væri jafn langt frá eða nær 661-3138 en 821-9812 í þau þrjú skipti sem 661-3138 er notaður.

Þann 15. og 19. apríl er um eina staðsetningu að ræða hjá 661-3138 og var búinn til hringur sem hefur fjarlægð milli 661-3138 og 821-9812 og 661-3138 sem miðpunkt. Þann 16. apríl er um að ræða tvær staðsetningar á 661-3138 og eina hjá 821-9812 og var búinn til hringur sem þeir þrír punktar falla fyrir innan.

Til að fá upplýsingar um notkun innan og utan hringanna á þessum þremur dögum var haft samband við Símann hf. og fengnar upplýsingar um staðsetningar á endurvörpum ásamt hlutfallslegri notkun hvers endurvarpa fyrir sig á fimmtán mínútna bili í kringum þessi þrjú atvik. (821-9812 er símanúmer Símans og er númerið sem er til skoðunar og því voru fengnar upplýsingar frá Símanum hf.).

Niðurstaða greiningarinnar:

15. apríl 2009 eru 38,68% símtala í kerfi Símanns (á tímabilinu 20:45 til 21:00) á því svæði sem fellur innan hrings (sjá fylgiskjal 1).

16. apríl 2009 eru 2,19% símtala í kerfi Símanns (á tímabilinu 17:15 til 17:30) á því svæði sem fellur innan hrings (sjá fylgiskjal 2).

19. apríl 2009 eru 6,57% símtala í kerfi Símanns (á tímabilinu 19:45 til 20:00) á því svæði sem fellur innan hrings (sjá fylgiskjal 3).

Líkurnar á því að einstaklingur ótengdur 661-3138 sé jafn langt frá eða nær 661-3138 en 821-9812 í þau þrjú skipti sem 661-3138 er notaður eru því $0,3868 \times 0,0219 \times 0,0657 = 0,000557$ eða **0,0557%.**

Greiningu þessari fylgja þrjár skýringarmyndir og texti þar sem sýndir eru hringir sem hafa fjarlægðina milli símanna 661-3138 og 821-9812 við notkun í rannsóknartilvikunum sem ráðius. Vitnið Jón Óttar sagði í þessu sambandi að til þess að dæmið gengi upp þyrfti notandi símanna að aka á 100 km hraða á klukkustund. Af þessu tilefni hafi meðalhraði bifreiða á sömu leið verið mældur og reyndist hann vera um 100 km á klukkustund.

Þannig að það eru yfir 99,5% líkur á því að sá sem notar síman 821-9812 geti verið tengdur númerinu 661-3138 í rannsóknartilvikinu.

IV.

Vitnið Halldór Snorrason, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Flugger ehf., sagði að þennan umrædda dag hafi hraðsendingarþjónustan komið með pakka sem starfsmaður fyrirtækisins tók við og setti inn á lager. Þar lá pakkin í einn eða tvo tíma óopnaður og vegna þess að starfsmaðurinn kannaðist ekki við sendandann þá kom hann með pakkann upp til vitnisins sem kannaðist heldur ekki við sendandann. Ákváðu þeir að opna pakkann en á honum stóð að í honum væru sýnishorn af viðarolíu, en í þann mund er þeir voru að opna pakkann þá fylltist húsið af lögreglumönnum. Kvaðst vitnið ekki kannast við neitt frekar í sambandi við sendinguna eða að fyrirtækið hafi pantað eitthvað frá Hollandi. Sagði vitnið að fyrir lagernum sem er við hliðina á búið fyrirtækisins sé hurð sem oftast er opin og ekki óalgengt að viðskiptavinir rambi inn á lager í fylgd starfmanna eða jafnvel einir. Sagði vitnið að 29 manns hafi unnið hjá Flugger á þessum tíma.

Vitnið Gunnar Ingi Gunnarsson, kvaðst ekki þekkja Jóhannes eða John Dielissen en þegar honum er sýnd mynd af honum þá staðfestir hann að hann þekki hann og hafi þessi maður verið að leita eftir kaupum á bílum og vélum hér á landi. Aðspurður um það hvort hann kannist við símanúmerið 661-3138 svarar hann því neitandi. Leikið er fyrir vitnið símtal við John Dielissen í síma 661-3138 þann 16. apríl 2009 og kannast vitnið ekkert við þetta símtal. Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærða Gunnar Viðar Árnason. Sagði vitnið að hann hafi einu sinni hringt til John Dielissen til þess að gefa honum upplýsingar um bíla.

Vitnið Kjartan Ægir Kristinsson, kvaðst hafa komið að rannsókn þessa máls sem varðar sendingu á pakka með UPS til Íslands frá Hollandi sem anga af stærri rannsókn. Kom í ljós er hljóðritanir af samtölum bárust að utan beindist grunur að ákærða Gunnari vegna þess að þeir sem unnu að málinu könnuðust við rödd Gunnars í sambandi við annað stærra mál þar sem samtöl höfðu verið hlustuð og rödd Gunnars kom við sögu m.a. í viðtölum hans við Ársæl Snorrason. Vöknudu grunsemdir vegna þess að í þessum símtölum var talað um að senda lýsingu á hlut eða pakka auk þess sem ákærði hafi í samtölum við Ársæl Snorrason á Litla Hrauni talað um pakka upp á sex. Sagði vitnið aðspurt um hljóðritun á samtali milli ákærða og Ársæls Snorrasonar þann 26. apríl að hann hafi ásamt a.m.k. tveimur öðrum hlustað á það mörgum sinnum og hafi verið notaður til þess sérstakur búnaður sem gefur möguleika á að teygja á röddum og hækka og lækka innbyrðis. Unnu þeir þetta mest saman tveir, hann og Eiríkur Ragnarsson, og síðan hafi komið að þessu aðrir tveir meðan þeir voru að skrifa niður tiltekinn hluta af samtalinu en það hafi verið þeir Jens Gunnarsson og annað hvort Bjarni eða Þorgeir. Staðfesti vitnið að það sem skráð sé á málsskjali 1.5 bls. 133 og 134 sé uppritað samkvæmt bestu vitund og samvisku. Annað samtal sem á sér stað 8. maí á skjali 1.5 148 og 149 er uppritað að viðhöfðum sömu vinnubrögðum. Segir vitnið að ef skrifað er kíló í upprituninni þá megi treysta því að sagt hafi verið kíló. Vitnið segir að staðfest sé á fyrirliggjandi ljósmyndum þegar Roelof Knopper afhenti pakkann til UPS hraðflutninga og að Knopper hafi þá verið á bifreið Johns Dielissen. Vísar vitnið til þess að ákærði hafi er hann hitti útlendingana við Smáralind afhent þeim þykkt umslag sem mátti álykta að innihéldi peninga. Sagði vitnið, aðspurt af verjanda, að einn viðmælanda Johns Dielissen í símtali þann 16. apríl 2009 sé ekki ákærði sem hins vegar talar við John Dielissen í símann 661-3138 sama dag.

Vitnið Eiríkur Ragnarsson lögreglumaður kvaðst hafa unnið mikið í tengslum við hlustanir sem beitt var mikið við rannsókn málsins. Grunur lögreglu

hafi beinst að ákærða þegar símahleranir bárust frá Hollandi. Í símtölum sem fram fóru þann 16. og 19. apríl var talið að ákærði og John Dielissen væru að ræðast við. Um herbergishlustun þann 26. apríl og 8. maí 2009 segir vitnið að hlustunin frá 8. maí hafi verið mjög skýr en þurft hafi þrjá til fjóra menn til að hlusta margsinnis á hina fyrri til þess að ná þeirri uppritun sem fyrir liggur í málinu m.a. hafi umhverfisljóð verið síuð frá. Sérstaklega aðspurt er vitnið ekki í vafa um að sagt er kíló þar sem það er ritað í upprituninni enda einungis upprituð þau orð sem heyrast en ef orð heyrast ekki er sett innan sviga „óskýrt eða óskiljanlegt“. Sagði vitnið að þegar ákærði hitti erlendu þremmenningana við Smáralind hafi ákærði að eigin sögn afhent þeim umslag með peningum. Voru vitninu sýndar þær skýrslur sem hann hefur unnið að vegna málsins og staðfestir hann efni þeirra rétt eftir bestu vitund að undanskildum skýrslum um tenginúmer á pakkanum sem þegar hafa verið leiðréttar vegna misskilnings sem upp kom. Sagði vitnið aðspurt af verjanda ákærða að Ronny Verwoerd sem ákærði var oft í sambandi við hafi komið að minnsta kosti tvívegis með John Dielissen til Íslands fyrst í desember sl. og síðan í mars sl. og hafi verið greinilegt að þeir voru viðskiptafélagar. Þá segir vitnið að ljóst hafi verið að John Dielissen þekkti Reloef Knopper sem eins og áður segir er upplýst að hafi hringt til John Dielissen til þess að fá upplýsingar um stærðina á „tækinu“ þegar hann var á bíl Johns að koma pakkanum til UPS hraðsendingarþjónustunnar.

Vitnið Jens Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður kvaðst hafa komið að rannsókn málsins og unnið mikið við hlustanir og þess háttar. Um hlustunina frá 26. apríl sagði vitnið að þeir hafi reynt að einangra raddir sem best og þagga niður í umhverfisljóðum og hlustað margoft á upptökuna. Segir vitnið ekki inni í myndinni að annað sé skrifað en það sem hann og félagar hans töldu sig heyra.

Meðal gagna málsins er matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, sem dagsett er 11. maí 2009. Rannsakað var efnissýni merkt 15624, nr. 6 af ætluðu amfetamíni að beiðni tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Segir í matsgerð að við komu hafi þyngd sýnis verið 0,666 g en eftir þurrkun var hún 0,449 g.

Reyndist sýnið innihalda amfetamín og koffín og reyndist styrkur amfetamínbasa í sýninu vera 27% sem samsvarar 37% af amfetamínsúlfati sem verði að teljast nokkuð sterkt en miðgildi undanfarinna ára reyndist 17,2% en svokallað miðgildi til notkunar hefur reynst. 9.2% svo efnið er í flokki með sterkari efnunum sem komið hafa til rannsóknar undanfarin 2 ár. Þau íblöndunarefni sem hafa áhrif á þyngd eru vatn og leysiefni og hafa engin áhrif á styrk efnisins

Niðurstaða.

Umfjöllun um fyrri lið ákæru.

Ljóst er að mál þetta á í raun rót sína að rekja til rannsóknar umfangsmeira máls sem var hafin rannsókn á á síðasta ári í samvinnu við hollensk yfirvöld. Hófu lögreglu yfirvöld hérlandis í framhaldi af þessu að fylgjast með ferðum m.a. Ronny Verwoerd og John Dielissen sem voru grunaðir um að tengjast þessum innflutningi. Grunur lögreglu beindist m.a. að ákærða þegar Ronny Verwoerd fór að hitta hann

hér á landi. Voru símtöl og öll samskipti eftir því sem við var komið hleruð og tekin upp og tengdist sú umræða sem lögregla komst yfir með þessum hætti mjög fíkniefnum, framleiðslu þeirra og peningaskuldum.

Þann 20. apríl 2009 bárust upplýsingar frá hollenskum lögregluþyrifvöldum um að hugsanlega væri í uppsiglingu flutningur fíkniefna frá Hollandi til Íslands. Hefði hollenska lögreglan hlerað símtöl í og úr síma Johns Dielissen við íslenskan karlmann í símanúmerið 661-3138 og telur sækjandi að viðmælandi Johns Dielissen í þessum símtölum sé ákærði og að þessi sími sé á hans vegum þrátt fyrir að hann harðneiti því. Telur sækjandi að í þessum símtölum sé verið að leggja á ráðin og skipuleggja sendingu umræddra rúmlega 6 kg af fíkniefnum frá Hollandi til Íslands. Var þetta símanúmer 661-3138 tekið í notkun þann 15. apríl 2009 og þann dag er einu sinni hringt og þrívægis send SMS skilaboð í símanúmerið 31-650747135 sem er sími hjá John Dielissen. Þann 16. s.m. er hringt einu sinni úr 661-3138 í sama símanúmer og einu sinni hringt í 661-3138 úr númerinu 31-650449055 sem er einnig sími sem John Dielissen hefur. Þann 19. s.m. er síðan hringt tvívægis úr 661-3138 í 31-650449055. Hefur sönnunarfærsla sækjanda beinst mjög að því að sanna að enginn annar en ákærði hafi getað haft afnot af símanum 661-3138 þessa daga sem um ræðir í málinu. Hefur í þessum tilgangi var aflað raddgreiningar hjá alríkislögreglunni bandarísku FBI sem beindist að því að upplýsa hvort það væru sterkar líkur fyrir því að ákærði væri annar þeirra sem töluðu saman í símann þann 16. og 19. apríl 2009. Vegna reglna sem gilda um slíkar rannsóknir ytra hafði rannsakandinn ekki tök á því að staðfesta niðurstöðu sína hér fyrir dómi og voru niðurstöðurnar sendar til lögreglu á höfuðborgarsvæðinu í símbrefi. Segir í niðurstöðu rannsóknarinnar „Hlustun og litrófsritun leiddu í ljós sameiginleg einkenni þekktrar raddar Gunnars Viðars Árnasonar (ákærða) skv. sýnum Q1.1. til og með Q1.7. og tilgreindra óþekktra radda skv. sýnum Q1.8. til og með Q1.10, sem tengjast sennilega (probable) sama einstaklingi. Til rannsóknar voru send 7 sýni Q1.1 til Q1.7. með rödd Gunnars og Q1.8. til og með Q1.10 með rödd sem talar í símann 661-3138 og grunur lék á að væri rödd Gunnars. Kemur fram í gögnum sem Horatio Nakasone, yfirmaður hljóðtæknisviðs FBI sendi sækjanda að um er að ræða næst hæsta stig við mat á samsvörun radda af sjö stigum. Kemur þessi niðurstaða heim og saman við mat lögreglu hér en þegar þessi sömu hljóðrituðu samtöl sem fylgdu sem sýnishorn Q1.9 til Q1.10 bárust frá Hollandi beindist grunur að ákærða Gunnari vegna þess að þeir sem unnu að málinu könnuðust við rödd Gunnars í sambandi við annað stærra mál þar sem samtöl höfðu verið hlustuð og rödd Gunnars kom við sögu m.a. viðtöl hans við Ársæl Snorrason. Dómarar hlustuðu á umrædd þrjú símtöl og voru ekki í vafa um að í þeim mætti kenna rödd ákærða. Því má bæta við að í skýrslu sem ákærði gaf 26. maí 2009 og hann var spurður hvort hann væri notandi að símanúmerinu 661-3138 sagðist hann ekki vilja fullyrða það en ef svo væri þá væri hann að nota það til að bulla í kerlingum. Af því sem nú hefur verið rakið er því slegið föstu af dómnum að hafið sé yfir allan vafa að ákærði er viðmælandi þess sem talar við hann í umrædd þrjú skipti úr sínum sem eru á vegum Johns Dielissen í Hollandi. Fær þessi ályktun einnig styrka stoð í niðurstöðu greiningar sem gerð er grein fyrir í III. kafla dómsins.

Í framhaldinu verður farið yfir það sem ráða má af þessum símtölum og því sem þar er sagt. Þá er höfð hliðsjón af því sem fram kom í hlerunum á samtölum kærða einkum við Ársæl Snorrason og símtölum milli John Dielissen og Roelof Knopper þegar Roelof er að koma umræddum pakka til sendingar hjá

hraðsendingarþjónustunni UPS. Óumdeilt er að pakkinn var sendur með umræddu flugi og reyndist við komu til Íslands innihalda þau fíkniefni sem greinir í ákæru. Af sjálfu leiðir að í nefndum símtölum þann 16. og 19. apríl er þess gætt að minnast ekki á fíkniefni. Í hljóðritun hollensku lögreglunar á símtali þann 16. apríl 2009 kl. 19:22:41 spyr NN (ákærði Gunnar) John Dielissen m.a. hvað hafi farið úrskeiðis, því hann ætlaði að tala við Ron á föstudegi, og þá mundu þeir gera þetta á þriðjudegi. Hann vonar að hann sé ekki búinn að senda þetta. Nei segir John. John er ekki búinn að senda þetta. Í næsta símtali, þann 19. apríl kl. 21:47:20, þar sem John Dielissen ræðir við NN (ákærða) í 661-3138 segi John „þetta fer af stað á morgun“. Þá segir ákærði OK, OK og þeir hafa fengið þetta „mein (á hann við mail“) og hafa sent til baka til þín. Í þriðja samtalinu kl. 21:49:15 ræðir John Dielessen við ákærða sem spyr hvort John ætli að láta lýsinguna og allt fylgja. John skilur ákærða ekki. Ákærði spyr, ætlar þú að láta allar upplýsingarnar fylgja svo við vitum hvernig það lítur út. John segist ekki skilja. Ákærði segir, sendu allar upplýsingar með tölvupósti, svo við vitum hvernig þetta lítur út. Þá segir John: já, já, já, ég er búinn að láta allt fylgja. En ég gat ekki látið taka myndir því það virkar ekki. Þá segir ákærði já, hann var búinn að segja mér það.

Borið var undir ákærða í dóminum hvað hann og Ársæll Snorrason hefðu verið að ræða um þann 2. apríl 2009 en þá var hlerað samtal milli þeirra. Gunnar segir „reykja smá hass“ og „Jú núna eftir 10 daga veistu hvað hann sagði mér að finna efni sem ég get blandað í svo ég geti örugglega borgað þeim þú veist 20.000 evrur ég bara ha. Þá vildu þeir það að ég myndi blanda einum á móti einum. Ég sagði við skulum skoða þetta svo kemur þetta og ég segi bara ég er ekkert að fara að gera þetta ef allir hinir eru með gott efni og ég kem með eitthvað lélegt skilurðu ætlið aldrei að fá peninginn. Skiptir svo rosalega miklu máli gátu ekki lækkað sig um 10.000 evrur með þetta ég bara skil þetta ekki“ og ákærði heldur áfram „Við erum búnir að tala saman þeir eru alltaf að halda sig við þessar 20 ég bauð þeim 12.000 evrur bauð þeim það vildu það ekki. Bauð þeim 12.000 og ég sel þetta fyrir ykkur strax en hann ætlar ekki. Núna er evran náttúrulega að hækka. Við erum að borga 3.600 kall Ási í dag fyrir kílóíð af ónýtu spítta“ og ákærði segir síðar „Kom hass til landsins um daginn og það var verið að selja bútinn á 4.500 kall. Þú getur selt kílóíð á 3000 krónur. Svör ákærða voru á þá leið að þetta komi þessu máli ekkert við og að alls ekki sé verið að tala um fíkniefni eða innflutning á þeim.

Telur dómurinn að ekki verði fram hjá því litið að allt tal ákærða, um það sem hann kallar innflutning á síma og lyfjum inn á Litla Hraun sé fjarstæðukennt. Og að í þeirri atburðarás sem hann lýsir sé að finna skýringar. Eins og á því að hann sagði að það eina jákvæða við það að svo fór sem fór með sendingu fíkniefnapakkans til landsins hafi verið að gaurinn sem sendi þetta lét ekki sjá sig í fyrirtækinu sem þeir „redduðu“. Þegar ákærði var spurður hvaða fyrirtæki væri verið að tala um var helst á honum að skilja að það væri fyrirtæki sem kunningi hans hafi leitað til vegna þessa svokallaða innflutnings á Litla Hraun. Verður ekki hjá því komist að meta þessa skýringu sem fánýtan fyrirslátt og að engu hafandi. Sjálfur sagðist hann fyrst hafa komið símanum og lyfjunum til Ársæls en síðan nefnir hann til leiks einhvern Pétur Axel sem átti að sjá um framkvæmdina og að það hafi átt að vera kærasta hans sem hann hafi verið að hringja í þegar hann er að áréttta heimsku sína og segir „Kerlingin hans ég hringdi í hana úr þessu sama númeri í símann hennar spáðu í því. Konan hans er skráð fyrir símanum þá hugsa ég hvernig er hægt að vera svona heimskur. Hann vissi það hringdi í mig til baka úr þessu númeri“. Sagði ákærði að hann sé að tala um kærustuna hans Péturs Axels

sem hann hafi hringt í úr sínum eigin síma. Virðist svo sem þessi frá sögn um flutninga Péturs Axels eigi einnig að skýra „Lofar að svara mér á mánudaginn og sendir á þriðjudag. Þetta er svo ómurleg framkoma“. Hér er allt á sömu bókina lært og svör ákærða og skýringar út í hött en hann segir þetta allt tengjast símainnflutningnum inn á Litla Hraun. Ekkert er komið fram sem styður þessa síðbúnu frásögn ákærða það eina sem leitt er í ljós um þetta atriði er að Ársæll segist einhvertímamann hafa bedið ákærða að útvega sér síma og fíkniefni en úr því hafi aldrei orðið. Ákærði hefur haldið því fram að þegar hann er að tala um fjárhæðir í dómskjölum þá sé það tal ekki í tengslum við fíkniefnaviðskipti heldur fasteignaviðskipti sem hann hafi hætt við og með því komið sér í mikla hættu. Engin tilraun hefur verið gerð af hálfu ákærða eða verjanda hans til þess að færa fram gögn eða vitni sem stutt geta þessa frásögn sem þeim átti, ef frásögnin var sönn, að vera í lófa lagt. Verður því ekki komist hjá líta á þessar skýringar sem léttvægan fyrirslátt. Sama er að segja um þann rökstuðning fyrir sýknu að frásögn Ársæls Snorrasonar, vinar ákærða, þess efnis að ákærði hafi sagt honum í trúnaði eftir að meint brotastarfsemi hófst að hann væri ekki í neinum afbrotum þrátt fyrir mikla löngun til þess af ótta við að lenda í fangelsi, sanni sakleysi ákærða. Hefur vitnið Ársæll svarað í dómnum þeim spurningum sem hann kærði sig um að svara en öðrum brást hann við með því að segja að dómnum komi það ekki við og er því framburður hans ekki trúverðugur og greinilega litaður af vinskapa hans við ákærða.

Af því sem nú hefur verið rakið þykir hafa verið í ljós leitt með framburðum vitna og að öðrum gögnum málsins virtum, að ákærði hafi í það minnsta verið í símasambandi við aðila í Hollandi í þeim tilgangi að standa í samráði við þá að innflutningi á pakka sem í voru 6.149,58 g af amfetamíni frá Hollandi til Íslands í þeim tilgangi sem í ákæru greinir. Verður því talið að sækjanda hafi tekist að sýna fram á það gegn eindreginni neitun ákærða að yfir allan skynsamlegan vafa sé hafið að hann hafi framið brot það sem honum er gefið að sök í fyrri lið ákæru. Samkvæmt þessu og áðurnefndri játningu ákærða á sakargiftum samkvæmt síðari lið ákæru er hann sakfelldur fyrir alla þá háttsemi sem hann er sakaður um í ákæruskjali.

Jakob Kristinsson dósent kom fyrir dóminn og staðfesti matsgerð sína. Í matsgerðinni kemur fram að styrkur amfetamínsbasa (27%) og amfetamínsúlfats (37%) var hátt yfir meðaltali og meðalgildi sýna sem rannsókuð hafa verið undanfarin og að sýnið hafi lést umtalsvert eftir þurrkun þ.e. úr 0,666 g í 0,449 g. Kvað Jakob meðalstyrk í sýnum undafarinna ára vera 17,2% sem er hátt yfir því sem hann kallar miðgildi sem 9,2%.

Við ákvörðun refsingar er auk annars litið til upplýsinga Jakobs bæði hvað varðar rakastig og styrks fíkniefnanna miðað við meðaltal.

Ákærði á sér engar málsbætur. Brot sitt samkvæmt fyrri lið ákæru framdi hann í samvinnu við aðra sem horfir til þyngingar við refsíákvörðun, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá brýtur ákærði nú ítrekað gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga en hann var dæmdur þann 15. júlí 2005 í fangelsi í tvö ár og sex mánuði fyrir brot gegn þeirri sömu lagagrein og var veitt reynslulausn 18. september 2006 í tvö ár 300 daga eftirstöðvum refsingar. Annar sakarferill ákærða skiptir hér ekki máli. Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 22. maí 2009.

Að öllu virtu þykir refsing hans hæfilega ákvörðuð þriggja og hálfis árs fangelsi. Skilorðbinding dómsins kemur ekki til greina vegna alvarleika brotsins.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhaldsvist koma til frádráttar refsivist eins og segir í dómsorði.

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni eru efni þau sem lögregla haldlagði við rannsókn málsins dæmd upptæk eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessari niðurstöðu ber samkvæmt 208. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Fyrir dóminn hefur verið lagt yfirlit saksóknara um sakarkostnað sem nemur 1.464.486 krónum. Af þeirri fjárhæð þykir rétt að dæma ákærða til þess að greiða kostnað vegna rannsókna á efnasýnum 77.836 krónur og 1/6 hluta kostnaðar vegna hlerana 148.983 krónur vegna þess að þar eiga 5 aðrir hlut að máli. Þá skal ákærði greiða málflytningsþóknun verjanda síns fyrir rekstur málsins fyrir dómi og á rannsóknarstigi samtals 1.842.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk aksturskostnaðar 99.360 krónur.

Hulda María Stefánsdóttir fulltrúi ríkissaksóknara sótti málið af hálfu ákæruvalds.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp dóminn ásamt samdómendum, Arnfríði Einarssdóttur og Finnboga H. Alexanderssyni, héraðsdómurum

Dómsorð;

Ákærði, Gunnar Viðar Árnason, skal sæta fangelsi í þrjú og hálfu ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhald ákærða frá 22. maí 2009 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði 2.168.799 krónur í sakarkostnað þ.m.t. málflytningsþóknun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar héraðsdómslögmanns, 1.842.600 krónur og aksturskostnað hans 99.360 krónur

Dæmd eru upptæk 6.149,58 g af amfetamíni og 5,55 g af maríhúana sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Sveinn Sigurkarlsson

Arnfríður Einarssdóttir

Finnbogi H. Alexandersson

Rétt endurrit staðfestir.

Héraðsdómi Reykjaness 25.11.2009.